umrætt sinn, er þeir af »Óðni« sáu skip hans þar, og að hann með þessu hafi gjört sig brotlegan gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi.

Með tilliti til þess að eftir framansögðu verður að álíta, að kærði hafi gjört fyrirhugaðar ráðstafanir til þess að fela brot sitt, ef svo bæri undir, og reynt á mjög svo ákveðinn hátt að komast undan að bera ábyrgð á því, þykir verða að ákveða refsing hans þyngri en ella. En þar eð hér er um fyrsta brot hans á áðurnefndum lögum að ræða og með hliðsjón af, að dagsgengi einnar krónu er 0,8170 úr gullkrónu, þykir mega ákveða refsinguna sekt að upphæð kr. 15000.00 í Landhelgissjóð Íslands, sem greiðist innan 4 vikna, en afplánist með 8 mánaða einföldu fangelsi fáist hún ekki greidd. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í áðurnefndum togara verða upptækt og andvirðið renna í sama sjóð.

Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Mánudaginn 24. marz 1930.

Nr. 103/1929. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)
gegn
August Löwner (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 22. maí 1929: Kærði, August Löwner, á að greiða sekt til Landhelgissjóðs Íslands að upphæð 16000 krónur innan fjögra vikna. En fáist sektin ekki greidd ber kærða að afplána hana með 8½ mánaðar einföldu fangelsi. Ennfremur skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum Edward Richardson, P. G. 328 frá Wesermünde, vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Svo greiði kærði og allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Svo sem tekið er fram í hinum áfrýjaða dómi lögregluréttarins, kom varðskipið Þór að skipi kærða

fram undan Ingólfshöfða aðfaranótt hins 19. maí f. á., kl. 0,32 árd., og þar sem þoka var, setti það þar niður dufl til þess, eftir því að ákveða staðinn. En lóðlínan flæktist um vír duflsins og var það því tekið upp aftur, og þar sem varðskipið hafði rekið nokkuð meðan á þessu stóð, flutti það sig aftur að skipi kærða og setti duflið á ný þar niður 39 mínútum síðar eða kl. 1,11 árd. Var síðan þessi staður duflsins mældur á þann hátt, að varðskipið sigldi 0,8 sjómílu eftir vegmæli beint á Ingólfshöfða og mældi þaðan hæðarhorn af vitanum 2° 7,5′, er gefur fjarlægð staðarins 1,0 sjómílu frá vitanum (logahæð vitans 66 metra yfir sjáfarmál). Síðan sigldi varðskipið aftur út að duflinu 1,1 sjómílu eftir vegmæli. Gefa þessar athuganir eftir skýrslu yfirforingja varðskipsins stað duflsins 1,1 sjómílu innan landhelgislínu. Og þessi mæling var síðan staðfest með því, að hæðarhorn af vitanum var mælt við duflið og reyndist að vera 1° 6′, er gefur fjarlægð duflsins frá vitanum 1,9 sjómílu eða stað þess 1,1 sjómílu innan landhelgislínu.

Kærði hefir nú ekki véfengt þessa mælingu, en hann hefir hinsvegar haldið því fram, að skip sitt hafi frá því duflið var sett niður í fyrra skiftið og þartil það var sett niður í annað sinn, rekið undan þungum straumi að landi, er numið geti 1,1 sjómílu eða meiru. Viðvíkjandi þessu er það upplýst, að varðskipið var þar á staðnum látið reka undan straumi og vindi í 35 mínútur og rak það á þeim tíma 0,45 sjómílu í N.W. t. W. 1/2, sem er skáhallt á landhelgislínuna. Einnig er það upplýst, að af áðurgreindum 39 mínútum lá skip kærða með vörpuna í botni fyrstu 14—15 mínúturnar og rak þá ekkert eða sama sem ekkert. Og yfirforingi varðskipsins og stýrimaður hans hafa

báðir borið það fyrir réttinum, að skip kærða hafi á næstu 24 mínútum í mesta lagi getað rekið 0,5 sjómílu undan straumi og vindi, en eftir stefnu straumsins hefði það á þessum tíma orðið að reka 1½ sjómílu til þess að hafa verið utan landhelgislínunnar þegar duflið var sett niður í síðara skiftið. Og þar sem hér munar svo miklu, skiftir það eigi máli, þótt álandsstraumur hafi verið eitthvað minni þegar varðskipið lét reka, svo sem verjandi kærða hér fyrir réttinum hefir gizkað á.

Það verður því að líta svo á, að með framangreindum skýrslum varðskipsforingjans og stýrimanns hans sé það fullsannað, að skip kærða hafi verið innan landhelgislínu, er varðskipið kom að því kl. 0,32 árd. nefndan dag. Og þar sem kærði þá var með botnvörpu í sjó, er það og sannað, að hann hefir gjörzt brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920.

Kærði hefir með dómi lögregluréttar Vestmannaeyja þ. 27. marz f. á verið dæmdur fyrir botnvörpuveiðar í landhelgi og hefir dómurinn að því leyti verið staðfestur með dómi hæstaréttar 21. þ. m. Það ber því nú að refsa kærða fyrir brot í annað sinn og með tilliti til þess ákveðst refsing hans 15000 kr. sekt í Landhelgissjóð, er afplánist með 8 mánaða einföldu fangelsi, ef hún verður eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa. En þar sem dimm þoka var og ekkert í prófum málsins bendir að öðru leyti til þess, að kærði hafi af ásettu ráði verið að veiðum í landhelgi, þá má fallast á, að héraðsdómarinn hefir eigi dæmt kærða í aukarefsingu samkv. 5. gr. fyrnefndra laga. Ákvæði undirréttardómsins um upptekt afla og veiðarfæra og um málskostnað í héraði staðfestast einnig.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, er ákveðast 150 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, August Löwner skipstjóri á b/v. Edward Richardson, P. G. 328, greiði 15000 kr. sekt í Landhelgissjóð Íslands, er afplánist með 8 mánaða einföldu fangelsi, ef hún verður eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa. Um upptekt afla og veiðarfæra og um málskostnað í héraði skal lögregluréttardóminum óraskað.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti málflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Jóns Ásbjörnssonar, 150 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Eftir skýrslu skipherrans á varðskipinu Þór, sem dags. er 20. þ. m. og framlögð í málinu, kom varðskipið 19. þ. m. kl. 0,32 að skipi kærða, togaranum Edward Richardson, P. G. 328 frá Wesermünde, og var kærði þá að toga með stjórnborðsvörpu í sjó. Var boja sett út frá varðskipinu til þess að ákveða stað togarans eftir henni. En boju þessa varð að taka upp áður en þetta yrði gjört til þess að greiða frá henni lóðlínuna, og var hún síðan sett út aftur hjá togaranum kl. 1,11 eða 39 mínútum síðar. Þessi staður var síðar ákveðinn og reyndist að vera 1,1 úr sjómílu innan landhelgislínunnar.

Kærði hefir ekki véfengt þessa mælingu, enda fylgdist hann með henni. Einnig hefir hann kannazt við, að hafa verið að toga þegar varðskipið kom að honum, eins og sagt er í skýrslunni. En hinsvegar hefir hann ekki viðurkennt, að staður sá, sem hann var tekinn á og bojan var sett út í fyrsta

sinn, hafi verið fyrir innan landhelgislínuna. Telur hann, að straumur muni á nefndum 39 mínútum hafa getað borið skip sitt þessa 1,1 úr sjómílu eða liðugt það. Byggir hann það aðallega á því, að hann hafi staðsett boju, sem hann togaði hjá og hafi hún eftir stefnum þeim, sem hann togaði í við hana, hafa átt að vera fyrir utan línuna, nema straumur hafi borið skip sitt inn á landhelgissvæðið.

Þetta getur þó ekki álitizt. Í fyrsta lagi rak togarann lítið eða ekkert fyrstu 15 mínúturnar a. m. k. og hinar 24 mínúturnar er óhugsandi, að hann geti rekið nema óverulega að landi eftir þeim athugunum, sem gjörðar voru á því, hvað varðskipið rak þarna. Enda bar straumur ekki beint á land.

Það verður eftir þessu að telja nægilega sannað í málinu, að kærði hafi gjört sig brotlegan gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920. Með dómi lögregluréttar Vestmannaeyja, uppkveðnum 27. marz þ. á., sem kærði hefir áfrýjað, var hann dæmdur í 15000 kr. sekt fyrir samskonar brot. Kemur þá til ályktar, hvort refsing hans skuli verða eftir þessu, og sérstaklega, hvort hann skuli auk sektar dæmdur til fangelsisrefsingar þeirrar, sem 5. gr. nefndra laga ákveður. Um síðarnefnt atriði tekur rétturinn fram, að eftir öllum atvikum þyki mega telja nægilega upplýstar svo miklar líkur fyrir því í málinu, að það hafi ekki verið ætlun kærða að toga á landhelgissvæðinu í þetta sinn, að sleppa megi honum við fangelsis aukarefsingu. Aðallega styðst þetta við, að dimm þoka var á, svo að ógjörningur var fyrir kærða að greina vel, hvar hann var, og að ekki er ástæða til að véfengja framburð hans um boju þá, sem hann togaði við og stýrimaður hans einnig hefir borið vitni um fyrir réttinum, sem og stefnur þær, er kærður lét toga í. Hinsvegar verður að ákveða refsing hans með hliðsjón af áðurnefndum lögregluréttardómi, meðan honum er ekki hnekkt af æðra dómi, og telst hún eftir 3. gr. nefndra laga og með hliðsjón af, að dagsgengi 100 kr. er kr. 85,61 gullkrónur, hæfilega ákveðin sekt að upphæð 16000 kr., sem greiðist innan 4 vikna, en afplánast með 8½ mánaðar einföldu fangelsi fáist hún ekki greidd. Sektin rennur í Landhelgissjóð Íslands. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir svo og allur afli innanborðs í áðurnefndum togara vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Auk þess greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.